

Þróunarsjóður innflytjendamála - Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Raddir innflytjenda á Austurlandi

Nafn styrkþega: Austurbrú ses.

Útdráttur: Tilgangur verkefnisins var að vekja fólk á Austurlandi til vitundar um stöðu fólks af erlendum uppruna í landshlutanum en hlutfall innflytjenda á Austurlandi er um 15 prósent. Markmiðið var að framleiða hljóð- og textaefni á ensku fyrir vefinn Austurland.is. Með þessu móti vildi umsækjandi auka staðbundna umræðu um málefni innflytjenda og þannig auka skilning á aðstæðum þeirra og auka líkur á velheppnaðri aðlögun þeirra að austfirsku samfélagi. Ritaðar voru átta greinar um innflytjendur á svæðinu og birtust valdar greinar á ensku á vefnum Austurland.is og á íslensku á vefnum Austurfrétt.is, auk þess sem þær birtust í Austurglugganum, héraðsfréttablaði Austfirðinga, sem var frídreift inn á öll heimili landshlutans. Unnir voru þrjú hlaðvarpsþættir uppúr málþingi um innflytjendamál sem haldið var 23. júní 2020 í Neskaupstað undir yfirskriftinni Er Austurland fjölmenningsarsamfélag? Vakin var athygli á öllu því efni sem útbúið var á samfélagsmiðlum sem Austurbrú heldur úti þ.e. á Facebook-síðu Austurland.is og Austurbrúar og á vef Austurfréttar sem er helsti fréttamiðill Austfirðinga á netinu. Gefið var út blað í samvinnu við Útgáfufélag Austurlands. Sérútgáfa af Austurglugganum á ensku þar sem málefni fólks af erlendum uppruna voru í forgrunni. Blaðið fór inn á öll heimili á Austurlandi og fylgir þessari skýrslu sem viðhengi.

Name of the project: Voices of immigrants in East Iceland

Name of grantee: Austurbrú ses.

Project description: The purpose of the project was to inform about the situation of people of foreign origin living in the east of Iceland. The proportion of immigrants in East Iceland is about 15 percent. The goal was to produce audio and text material in English for the website austurland.is. Austurbrú wants to increase local conversations on immigrant issues, promote understanding of immigrant's situations and increase the chances of successful integration into communities in the East Fjords. Eight articles were written about immigrants in the area and selected articles were published in English on the website Austurland.is and in Icelandic on the website Austurfrétt.is. The articles were also published in Austurgluggan, the local newspaper of the East Fjords, which was distributed freely to all homes in the region. Three audio files were created for a seminar on immigration held on 23 June 2020 in Neskaupstaður with the title "is East Iceland a multicultural society"? Attention was drawn to all the material prepared on social media that Austurbrú maintains, i.e. on the Facebook page of Austurland.is and Austurbrú and on the website of Austurfréttir, which is the main online news medium of the East Fjords. A paper was published in collaboration with Útgáfufélag Austurlands. In a special edition in Austurgluggan people of foreign origin were in the foreground.